

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson

Þróunarfulltrúi grunnskóla

vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamála í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610


SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 17. TBL.

8. JANÚAR 2010

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar árið 2010 samþykkt



*Starfsfólk
Skólaskrifstofu
óskar starfsfólki
grunnskólanna í
Hafnarfirði og
öðrum lesendum
Skólavefritsins
gledilegs nýs árs og
þakkar samstarfið á
liðnu ári.*

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar fyrir árið 2010 hefur verið samþykkt. Til fræðsluviðs er veitt tæplega 6,3 milljörðum fyrir árið 2010 en framlagið var rúmlega 6,5 milljarðar árið 2009. Stefnt er að ná hagræðingu í starfsemi á fræðsluviðinu með sem minnstri skerðingu á þjónustu við börn og skólastarfið. Á vormánuðum 2010 verður unnið að frekari tillögum til að finna hagræðingarmöguleika á sviðinu. Sömuleiðis verða gjaldskrár fræðsluviðs yfirfarnar en öll þjónustugjöld í leik-, grunn- og tónlistarskólum verða þó óbreytt út þetta skólaár.

Fjárhagsáætlun gerir ekki ráð fyrir að nein ný fjárfrek verkefni eða framkvæmdir verði á fræðsluviði á árinu 2010. Skoða á möguleika hvort hægt sé að nýta betur húsnaði sem er til staðar frekar en reisa nýtt. Allt slíkt fer þó í frekari skoðun og engar ákvarðanir verða teknar nema með samráði við hagsmunaaðila og frekari skoðun á möguleikum sem til staðar eru.

Úthlutað úr Sprotasjóði í fyrsta skipti

Úthlutað hefur verið í fyrsta skipti úr Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sjóðurinn tók við af þremur þróunarsjóðum sem áður störfuðu, þ.e. þróunarsjóði leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að tillögu stjórnar, að veita styrki

til 44 verkefna að upphæð tæplega 44. millj. kr. Samtals voru umsóknir 143. Áherslusið sjóðsins voru að þessu sinni:

1. Sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og kennsluháttum.
2. Lestrarkennsla og læsi í víðum skilningi.



Skólaþróun

Þrjú grunnskólar í Hafnarfirði hlutu styrk úr sjóðnum en enginn leikskóli (**Skólavefritinu** er ekki kunnugt um hvort þeir sóttu um styrki). Flensborgarskóli hlaut hins vegar styrk að upphæð kr. 500.000. Skólaskrifstofan sótti ekki um styrk í sjóðinn.

Grunnskólarnir sem hlutu styrk voru Hraunvallaskóli kr. 900.000 fyrir verkefnið Byrjendalæsi, Hvaleyrarskóli kr. 800.000 fyrir verkefnið Björgin (náms- og stuðningsver) og loks Víðistaðaskóli kr. 600.000 til að breyta og bæta námsmat í skólanum. Til hamingju!

VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5281>



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 4. janúar 2010
196. fundur:

- Nýsamyþykkt fjárhagsáætlun bæjarins, eins og hún snýr að fræðsluviðinu, kynnt af fjármálastjóra bæjarins. Kom fram að vinna er framundan til að mæta hagræðingar-kröfum fjárhagsáætlunar þar sem 4,3% lækun fjárhagsáætlunar er frá síðasta fjárhagsári (sjá nánar forsíðu blaðsins).
- Lagt fram yfirlit með stöðu reglugerða sem komnar eru og eiga eftir að koma með nýjum lögum um leikskóla og grunnskóla frá árinu 2008. Flestar reglugerðir eru komnar en örfáar eru þó enn í vinnslu.

Tilkynning vikunnar

**Minnt er á skil á boðs-
kortu (1. febrúar) fyrir
Stóru upplestrarkeppni-
na (6. bk.) og á smá-
sögum (12. febrúar) í
smásagnasamkeppni
(8.-10. bk.) til Skólaskrif-
stofunnar.**

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
15. janúar 2010

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- Nemendur, forráðamenn og starfsfólk Áslandsskóla í Hafnarfirði sleppa árlega „pakkajólum“ í skólanum en styrkja þess í stað Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar skömmu fyrir jólahátíðina. Tengist það einni af hornstoðum skólans, þjónustu við samfélagið. Leifur S. Garðarsson skólastjóri afhenti fulltrúa Mæðrastyrksnefndar styrk frá skólasamfélaginu í Áslandi skömmu fyrir jólaleyfi. Styrkurinn í ár var hærri en hann hefur áður verið eða krónur 247.743 og er einstaklega ánægjulegt. Á sjö árum hefur skólasamfélagið í Áslandsskóla því styrkt Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar um kr. 1.168.153.
- Nýtt frá **Námsgagnastofnun**: Nýjar kvikmyndir eru komnar til niðurhals á vef stofnunarinnar. Þetta eru *Gosið og uppbygging í Vestmannaeyjum*, *Kína-efnahagslegt heimsveldi* og leikgerð STOPP leikhópsins á *Hrafnkelssögu Freysgoða*. Lausnir eru komnar við vinnubókina við *Dejlige Danmark*, fáanlegar á geisladiski sem pantað er sérstaklega. Þá hefur fjölgað hljóðbókum á nýlega útgefnum bókum, t.d. *Trunt, trunt og tröllin*. Loks er komin út ný léttlestrarbók (og smábók), *Tommi og tækin*. Hugsuð fyrir nemendur sem eru að læra að lesa og er í fimmta þyngdarflokki samkvæmt flokkunarkerfi Námsgagnastofnunar.



Frá mennta- og menningarmálaráðuneyti

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skuli lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Jafnramt er kveðið á um að nemendur 10. bekkjar skuli á fyrri hluta skólaársins þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa í grunnskólum er m.a. að athuga að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða

námsþáttum hafi verið náð, vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 verða sem hér segir:

10. bekkur:

- * Íslenska mánudagur 20. september.
- * Enska þriðjudagur 21. september.
- * Stærðfræði miðvikudagur



Tilkynning

22. september.

4. og 7. bekkur:

- * Íslenska fimmtudagur 23. september.
- * Stærðfræði föstudagur 24. september.

Ákvörðun um prófdaga samræmdra könnunarprófa haustið 2010 var tekin í samráði við Námsmatsstofnun sem sér um framkvæmd prófanna. Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa er aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins. Nánar upplýsingar á www.namsmat.is þegar nær dregur.

VEFSLÓÐ: <http://www.menntamalaraduneyti.is>

Kvikmyndavefur með rauntímaspjalli

Með þróun tölvutækninnar (Web 2.0) aukast möguleikar í kennslu. Mynd-

beta

synchtube

bönd á YouTube hafa farið sigurför um heiminn á allra síðustu árum. Nú er að koma viðbót við þá þróun, þ.e. að koma á umræðusamskiptum, opnum eða lokuðum, í tengslum við kvikmyndir/myndskeið á vefnum.

Þar er heppilegur nýr vefur, Synchtube, þar sem allir (t.d. kennarar) geta stofnað umræðupræði kringum ákveðin myndbönd/-skeið (t.d. af YouTube). Með slíkan umræðuvettvang skapast nýir mögu-



Vefhornið

leikar í kennslu. Kannski verður þetta hluti af sjálf-sagðri notkun fræðslumyndbanda

á næstu árum.

Þessi þróun er þó líklega rétt að byrja og að á næstu árum fjölgi möguleikum hér. Nú er tækifærið til að læra nýja hluti og vera hluti af þróuninni frá upphafi.

VEFSLÓÐ: <http://www.synchtube.com/>